

## STAÐREYNDIR UM MÁLÞROSKARÖSKUN

### Þrjú atriði sem þú þarft að vita um málþroskaröskun

1. Málþroskaröskun er þegar barn eða fullorðinn á í erfiðleikum með að tala og/eða skilja tungumálið.
2. Málþroskaröskun er dulin skerðing sem hefur áhrif á u.þ.b. eitt af hverjum 14 börnum og snertir læsi, nám, vináttu og tilfinningalega velferð.
3. Stuðningur frá fagfólki, þar með talið talmeinafræðingum og kennurum, skiptir sköpum.

### Málþroskaröskun: Greiningarhugtak, tíðni, orsakir

- **Samstaða um greiningarhugtak:** Leiðbeinandi reglur um notkun á greiningarhugtakinu málþroskaröskun hafa verið birtar ásamt lýsingu á því hvernig samstöðu um heitið var náð (Bishop o.fl., 2016; 2017).
- **Tíðni:** Málþroskaröskun hefur áhrif á u.þ.b. eitt af hverjum 14 börnum. Nýleg faraldsfræðileg rannsókn frá Bretlandi (SCALES study; Norbury o.fl., 2016) sýndi fram á að 7,5% barna voru með málþroskaröskun en engin líkamleg einkenni samhliða.
- **Orsakir:** Málþroskaröskun getur verið ættgeng. Rannsóknir á tvíburum benda til sterkra erfðaáhrifa málþroskaröskunar sem virðast orsakast af áhrifum margra gena í stað sértæktrar stökkbreytingar (Bishop, 2006). Hin lífseiga skoðun að málþroskaröskun orsakist af því að foreldrar tali ekki við börnin sín á sér enga stoð í rannsóknunum.
- **Taugalíffræði:** Almennt eru engar vísbendingar um heilaskaða sem orsök fyrir málþroskaröskun. Hins vegar getur verið smávægilegur munur á stærð mismunandi heilasvæða og hlutfalli gráa efnisins en það er breytilegt á milli barna. Enn sem komið er hefur enginn líffræðilegur „vísir“ fundist sem skýrt getur málþroskaröskun (Leonard o.fl., 2006).

### Málþroskaröskun og tengdir erfiðleikar

- **Tengsl við aðrar raskanir:** Málþroskaröskun er oft að finna hjá börnum með ADHD og lesblindu. Þá hefur einnig verið mikil umræða um skörun við væga einhverfu (Bishop, 2008). Félagslegir erfiðleikar, sem eru einkennandi fyrir einhverfu, koma ekki alltaf fram hjá börnum með málþroskaröskun en sum þeirra eru samt sem áður með væg einkenni einhverfu. Þó er mikill munur á stuðningi sem býðst einhverfum börnum annars vegar og börnum með málþroskaröskun hins vegar. Sá munur viðhelst fram á fullorðinsár, þar sem bæði lesblinda og einhverfa eru viðurkenndar raskanir/fatlanir en aftur á móti er lítil vitneskja og vitund um málþroskaröskun.
- **Læsi og árangur í skóla:** Náin tengsl eru á milli málþroskaröskunar og lesblindu (Bishop og Snowling, 2004). Mörg börn með málþroskaröskun ná einnig viðmiðum lesblindu (McArthur o.fl., 2000). Jafnvel þó að barn geti lesið upphátt af nákvæmni (hefur náð valdi á umskráningu) á það oft í erfiðleikum með skilning á lesefninu (Stothard o.fl., 2010). Oft er litið fram hjá þessum lesskilningsvanda og hefur hann jafnvel verið rangtúlkaður sem óhlyðni eða eftirtektarleysi. Efla mætti fræðslu um málþroskaröskun í námi kennara.
- **Félagslegir erfiðleikar í samskiptum við jafnaldra :** Færnin að geta tjáð sig hiklaust og að vera snöggur að grípa það sem aðrir segja getur haft mikið að segja þegar kemur að félagslegum tengslum. Í rannsókn sem gerð var í Bretlandi á málfærni unglinga (*The Manchester Study*) kom fram að við 16 ára aldur höfðu 40% barna með málþroskaröskun átt í erfiðleikum með samskipti við jafnaldra (St. Clair, Pickles, Durkin & Conti-Ramsden, 2011), 50% könnuðust við að hafa lent í einelti á barnsaldri (í samanburði við færri en 25% jafnaldra með dæmigerðan þroska) og 13% höfðu upplifað viðvarandi einelti frá barnæsku (Knox og Conti-Ramsden 2003). Aukinn skilningur fullorðinna og barna á málþroskaröskun gæti komið í veg fyrir neikvæðar upplifanir af þessu tagi.

### Málproskaröskun: Atvinna og geðheilsa

- **Atvinna:** Málproskaröskun getur haft alvarlegar afleiðingar til lengri tíma lítið. Einstaklingum með málproskaröskun er hættara við atvinnumissi (í samanburði við jafnaldra) sem dregið getur úr sjálfstæði á fullorðinsárum (Conti-Ramsden og Durkin, 2008). Einstaklingar með vægari einkenni haldast gjarnan á vinnumarkaði en eru oft í störfum sem ekki krefjast mikillar sérhæfingar (Whitehouse o.fl., 2009). Með aukinni þekkingu á málproskaröskun í skólum væri hægt að hlúa að og ýta undir styrkleikasvið barna svo þau verði síður utanveltu ef þau sýna ekki ásættanlegan árangur í hefðbundnu bóknámi.
- **Geðheilsa:** Um 64% barna sem eru með viðvarandi málröskun glíma við einhvers konar hegðunarvanda (t.d. tilhneigingu til árásargirni, að lenda í ryskingum við önnur börn) og/eða andlega erfiðleika (t.d. að draga sig í hlé, kjósa einveru) (Conti-Ramsden og Botting, 2004). Þessi vandamál leysast sem betur fer oft af sjálfu sér þegar barnið nær unglingsaldri (St. Clair og fl., 2011) en þó eru unglingar með málproskaröskun mun líklegri til að greina frá einkennum þunglyndis en jafnaldrar með dæmigerðan málproska (Conti-Ramsden og Botting, 2008). Flestar meðferðir fyrir börn með geðræn vandamál eru samtalsmeðferðir sem er ekki endilega heppilegt meðferðarform fyrir barn með málproskaröskun.

### Málproskaröskun: Íhlutun

- **Íhlutun:** Til þess að íhlutun reynist árangursrík þarf hún að uppfylla kröfur um gæði og tímalengd. Nokkrar slíkar íhlutunarleiðir eru í þróun og lofa góðu (Law o.fl., 2015). Erlendar samanburðarrannsóknir í skólum, á íhlutunarleiðum sem aðstoðarmenn kennara veita (og hlotið hafa þjálfun til þeirra verkefna), hafa sýnt fram á umtalsverðar framfarir í máli (Fricke o.fl., 2013; 2017) og lestri (Bowyer-Crane o.fl., 2008). Sum börn þurfa langtíma stuðning vegna erfiðleika sem líklegt er að haldi áfram að vera til staðar þrátt fyrir íhlutun (Boyle o.fl., 2010). Í rannsóknum hefur komið fram að það er sérstaklega erfiðleikum bundið að þjálfna börn með málskilningsvanda.

### Málproskaröskun: Vitundarvakning meðal almennings og RADLD herferðin\*

- **Sagan og fræðiheitið:** Í nærri 200 ár hafa fræðimenn reynt að lýsa málerfiðleikum barna (Gall, 1822). Upphaflega var notast við hugtakið „meðfætt málstol“ en í kjölfarið hafa mörg hugtök og heiti (t.d. sértæk málproskaröskun) verið notuð jafnt í rannsóknum sem og í tengslum við íhlutun/talþjálfun (Dockrell, 2006). Fræðiheitið málproskaröskun (e. *developmental language disorder*) hefur lengi verið við lýði en í nýlegum tillögum (Bishop o.fl., 2017) koma fram skýrar leiðbeiningar um notkun þess og hvers vegna heitið er talið ákjósanlegra en önnur.
- **Þörf fyrir vitundarvakningu um málproskaröskun meðal almennings:** Lítil vitneskja almennings á málproskaröskun og einkennum hennar endurspeglast í lágu hlutfalli rannsókna miðað við tíðni og alvarleika röskunarinnar (Bishop, 2010). RADLD teymið (áður kallað RALLI) hefur blásið til herferðar og beitir sér nú fyrir að auka vitneskju um hvað liggur að baki málproskaröskun en finna má upplýsingar og stuðningsefni af ýmsu tagi á YouTube rás og heimasíðu RADLD.

\*RADLD stendur fyrir „Raising Awareness of Developmental Language Disorders“.

## References

- Bishop, D. V. M. (2006). What causes specific language impairment in children? *Current Directions in Psychological Science*, 15, 217-221.
- Bishop, D. V. M. (2008). Specific language impairment, dyslexia, and autism: Using genetics to unravel their relationship. In C. F. Norbury, J. B. Tomblin & D. V. M. Bishop (Eds.), *Understanding developmental language disorders: from theory to practice* (pp. 67-78). Hove: Psychology Press.
- Bishop, D. V. M. (2010). Which neurodevelopmental disorders get researched and why? *PLOS One*, 5(11), e15112.
- Bishop, D. V. M., Clark, B., Conti-Ramsden, G., Norbury, C. F., & Snowling, M. J. (2012). RALLI: An internet campaign for raising awareness of language learning impairments. *Child Language Teaching & Therapy*, 28(3), 259-262. doi:10.1177/0265659012459467. pdf here: <http://journals.sagepub.com/doi/pdf/10.1177/0265659012459467>
- Bishop, D. V. M., & Snowling, M. J., (2004) Developmental Dyslexia and Specific Language Impairment: The same or different? *Psychological Bulletin*. 130 (6), 858-886.
- Bishop, D. V. M., Snowling, M. J., Thompson, P. A., Greenhalgh, T., & The CATALISE Consortium. (2016). [CATALISE: a multinational and multidisciplinary Delphi consensus study](#). Identifying language impairments in children. *PLOS One*, 11(7), e0158753. doi:10.1371/journal.pone.0158753
- Bishop, D. V. M., Snowling, M. J., Thompson, P. A., Greenhalgh, T., & The CATALISE Consortium. (2017). [Phase 2 of CATALISE: a multinational and multidisciplinary Delphi consensus study of problems with language development: Terminology](#). *Journal of Child Psychology & Psychiatry*. doi:10.1371/journal.pone.0158753
- Boyle, J., McCartney, E., O'Hare, A., & Law, J. (2010). Intervention for mixed receptive-expressive language impairment: a review. *Developmental Medicine and Child Neurology*, 52(11), 994-999. doi:10.1111/j.1469-8749.2010.03750.x
- Bowyer-Crane, C., Snowling, M.J., Duff, F.J., Fieldsend, E., Carroll, J.M., Miles, J., Götz, K., & Hulme, C. (2008) Improving Early Language and Literacy Skills: Differential Effects of an Oral Language versus a Phonology with Reading Intervention. *Journal of Child Psychology & Psychiatry*, 49, 422-432
- Conti-Ramsden, G., & Botting, N. (2004). Social difficulties and victimization in children with SLI at 11 years of age. *Journal of Speech, Language, and Hearing Research*, 47, 145-161.
- Conti-Ramsden, G., & Durkin, K. (2008). Language and independence in adolescents with and without a history of Specific Language Impairment (SLI). *Journal of Speech, Language and Hearing Research*, 51, 70-83.
- Dockrell JE, Lindsay G, Letchford C, and Mackie C (2006) Educational provision for children with specific speech and language difficulties: Perspectives of speech and language therapy managers. *International Journal of Language and Communication Disorders*, 41, 423-40.
- Fricke, S., Bowyer-Crane, C., Haley, A.J., Hulme, C. & Snowling, M.J., (2013) Efficacy of language intervention in the early years. *Journal of Child Psychology and Psychiatry*. 54(3), 280-290.
- Gall, F. J. (1822), *Sur les fonctions du cerveau et sur celles de chacune de ses parties: avec des observations sur la possibilité de reconnaître les instincts, les penchans, les talens, ou les dispositions morales et intellectuelles des homes et des animaux, par la configuration de leur cerveau et de leur tête*. Paris: J.B. Baillire.
- Knox, E., & Conti-Ramsden, G. (2003). Bullying risks of 11-year-old children with specific language impairment (SLI): does school placement matter? *International Journal of Language & Communication Disorders*, 38(1), 1-12.
- Law, Roulstone, & Lindsay, 2015 Integrating external evidence of intervention effectiveness with both practice and the parent perspective: development of 'What Works' for speech, language and communication needs. *Developmental Medicine & Child Neurology* 2015, 57(3), 223-228.
- Leonard, C., Eckert, M., Given, B., Virginia, B., & Eden, G. (2006). Individual differences in anatomy predict reading and oral language impairments in children. *Brain*, 129(12), 3329-3342.
- McArthur, G. M., Hogben, J. H., Edwards, V. T., Heath, S. M., & Mengler, E. D. (2000). On the 'specifics' of specific reading disability and specific language impairment. *Journal of Child Psychology and Psychiatry*, 41, 869-874.

- Norbury, C. F., Gooch, D., Wray, C., Baird, G., Charman, T., Simonoff, E., ... Pickles, A. (2016). The impact of nonverbal ability on prevalence and clinical presentation of language disorder: evidence from a population study. *Journal of Child Psychology and Psychiatry*. <https://doi.org/10.1111/jcpp.12573>
- St Clair, M. C., Pickles, A., Durkin, K., & Conti-Ramsden, G. (2011). A longitudinal study of behavioral, emotional and social difficulties in individuals with a history of specific language impairment (SLI). [Article]. *Journal of Communication Disorders*, 44(2), 186-199.
- Stothard, SE., Hulme, C, Clarke, P., Barmby, P, Snowling, M. J. (2010) YARC York Assessment of Reading for Comprehension (Secondary). GL Assessment.
- Whitehouse, A. J. O., Line, E. A., Watt, H. J., & Bishop, D. V. M. (2009). Qualitative aspects of developmental language impairment relates to language and literacy outcome in adulthood. *International Journal of Language and Communication Disorders*, 44, 489-510.